

Ályktun um Kárahnjúka

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands fagnar nýgerðu samkomulagi milli landssambanda ASÍ sem aðild eiga að samstarfsefnd um virkjunarsamning og ítalska vertakafyrirtækisins Impregilo.

Starfsgreinasambandið hefur í undanförunum ágreiningi lagt áherslu á að gæta ítrustu hagsmuna starfsmanna við Kárahnjúka og telur að með samkomulaginu hafi verið stigið mikilvægt skref í rétta átt. Með því er staðfestur sáttavilji allra aðila og það sameiginlega markmið að færa samskipti í eðlilegan og jákvæðan farveg. Ársfundurinn lýsir þeirri von að nú sé til lykta leiddur þessi hluti ágreiningsins sem staðið hefur yfir. Starfsgreinasambandið gerir þá kröfu að stjórnvöld axli ábyrgð og geri eftirlitsaðilum kleift að sinna eftirlitsskyldu sinni þannig, að vinnuöryggi og aðbúnaður starfsmanna sé í sem bestu horfi og lögum samkvæmt.